

Fundur í nemendaráði 1. október 2018

Mættir Viktoría, Mikael, Anton, Angela, Tómas, Ronja, Fanney, Fríða, Sigga Lára

Á fundinn vantar Guðrúnu, Tómas er fulltrúi á þessum á eina fundi, á eftir að kjósa í 5. bekk.

- Kynning á hlutverki nemanfélagsins. Fulltrúar skólaárið 2018 – 2019 eru:
 - 10. bekkur: Guðrún og Fríða
 - 9. bekkur: Ronja og Fanney
 - 8. bekkur: Mikael og Anton
 - 7. bekkur: Angela
 - 6. bekkur: Viktoría
 - 5. bekkur: Á eftir að kjósa, Tómas mættur fyrir hönd 5. bekkjar.
- Félagsimiðstöðin
- Ungmennaráð – vantar fulltrúa á ungmennanæping sem haldið verður í haust. Fríða, Guðrún og Unndís fara.
- Kjuðar
- Búið að laga völlinn
- Vantar góðan hátalara í félagsrými.
- Ping, pong spaðar – nýir settir í umferð því gömlu voru orðnir lélegir.
- Óskað eftir að fara í skíðaferð unglunga í vetur líkt og gert var í fyrra.
- Rætt um það sem skiptir máli í námi, hvernig verða störf í framtíðinni, hvaða störf í dag verða til í framtíðinni?

Fundi slitið

Fundur í nemendaráði 19. nóvember – miðstig fundar sér og unglingar sér

Miðstig kl. 8:20 - Mættir Heimir, Viktoría, Angela.

- Skólabragur – börnin vilja hafa skólabraginn góðan og ætla að leggja sitt af mörkum til að bæta hann. Hætta að gera grín af þeim sem koma frá öðru landi. Sumir að stríða öðrum. Rætt um hvað hægt er að gera ef við sjáum börn sem eru ein, t.d. hægt að bjóða þeim að vera með. Hvernig er hægt að hughreista þann sem verður fyrir stríðni, t.d. fara til hans og segja við hann „ekki hlusta á hann eða hana“.
- Fullveldishátíð framundan. 100 ára afmæli fullveldisins.
- Endurskinsmerki, umræður um mikilvægi þess að nota endurskinsmerki í skammdeginu.

Unglingastig kl. 9:30 – mættir: Guðrún, Fríða, Ronja, Fanney, Anton og Mikael.

- Skólabragur – hann er ekki góður. Neikvæð samskipti. Hvað er til ráða: Reglulegir bekkjarfundir bæði, í námshóp og bekkjum. Hver og einn hugsar um sjálfan sig. Leikir og gaman á bekkjarfundum. Hugmyndikassi.
- Skíðaferð
- Uppbrotsdagar – út að gera eitthvað, náttúrudagar. Sóa tímanum okkar þegar við viljum vera að læra. Stundum tímasóun fyrir okkur. Megum við ráða.
- Kynfræðsla – vantar meiri kynfræðslu.
- Samstarf við aðra skóla – sérstaklega á Akranesi. Fara í heimsókn í skóla Á Akranesi og Borgarneis.
- Verklegt nám – t.d í náttúrufræði og eðlis- og efnafræði – tilraunir og þess háttar.
- Meira nám sem tengist framtíðarstörfum
- Meiri forvarnir.
- Ath. utanlandsferð 9. og 10. bekkjar.
- Fullveldishátíð - Guðrún og Fríða sjá um hátíðarræðu.
- Þeir sem hafa áhuga á Kanadasamstarfi geti farið í ferð þangað.
- Skólapúslinn – fá niðurstöður fyrir námshópana.
- Mikið verið að stríða Guðmudni.
- Strangari kennara.
- Agaleysi

Fundur í Nemendaráði Heiðarskóla 14. janúar 2019.

Mættir: Heimir, Fanney, Ronja, Angela, Viktoría, Anton, Mikael, Fríða

- Skólabragur, umræður um neikvætt andrúmsloft í 10. bekk, ráðið vill halda bekkjarfundir og taka á málum.
- Námsval, umræður um að nemendur fái að læra út frá því sem nemendur eru farnir stefna að læra í framtíðinni t.d. námsefni sem tengist læknisfræði. Ákveðið að koma þessu í framkvæmd í námsvali eftir hádegi á mánudögum.
- Opna húsið - umræður
- Skíðaferð ákveðið að fara þegar veður leyfir.
- Nýr fulltrúi: Kristinn er áhugasamur, samþykkt að fá hann inn fyrir Guðrúnu sem er hætt.
- Önnur mál: Engin önnur mál.

Fundi slitið

Fundur í nemendaráði 11. febrúar

Mættir: Kristinn, Fríða, Ronja, Anton, Viktoría, Heimir, Fanney, Mikel.

- Vetrarfrí, umræður um hvort nemendaráð vilji hafa vetrarfrí í skólanum. Nemendaráð vill vetrarfrí.
- Niðurstöður þjóðfundar með foreldrum kynntar.
- Skíðaferð, mælum með að farið verði í skíðaferð einu sinni á ári. Kannski betra að fara seinna í ferðina, ekki búið að opna allar brekkur í janúar. Spurning með gistingu og þá í samhengi við vorferð. Ath möguleika á að stofna bekkjarsjóði til að fjármagna gistingu.
- Vantar klukku í búningsklefa í ípróttahúsi, þarf að laga í félagsrými og 6. bekkjarstofu.
- Heimilisfræði fyrir 10. bekk
- Fá að kaupa iPad þegar við útskrifumst. Ekki réttlátt að aðrir hafa fengið að kaupa en svo ekki lengur hægt.
- Tölvumál, umræður
- Nemendur óska eftir að fá kynfræðslu og sjálfsvarnarnámskeið. Jafnframt óska þeir eftir að við hættum að hafa leiðinlega daga í skólanum og hætta að sleppa skemmtilegum dögum. Umræður um að þetta getur verið smekksatriði og því reynir skólinn að bjóða upp á fjölbreytni þannig að allir finni einhvern tímann uppbrotsdaga við hæfi.
- Óskað eftir að hafa veitingar á fundum og fá Play station 4 í unglingarými..
- Skólabragur, umræður, niðurstaða - samskiptin betri.

Fundi slitið

Fundur í nemendaráði 1. apríl

Mættir: Fríða, Krisinn, Ronja, Fanney og Mikael.

- Símareglur í Heiðarskóla, umræður um tækifæri og ókosti þess að vera með síma í skólanum. Ákveðið að halda símaþjóðfund og fá tillögur frá nemendum um símareglur í skólanum. Líka ákveðið að hafa símalausar vikur í skólanum 8. – 12. apríl.

- Árshátíðarundirbúiningur, umræður.
- Árshátíð unglíngadeildar, ákveðið að halda árshátíð unglíngadeildar.

Fundi slitið